

REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

Alþingi
Erindi nr. P 138/217
komudagur 23.11.2009

Til nefndasviðs Alþingis

Reykjavík 19. nóvember 2009

Umsögn ReykjavíkurAkademiunnar um frumvarp til laga um breyting á lögum, nr. 90/2003, um tekjuskatt, 81. mál, og frumvarp til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, 82. mál.

ReykjavíkurAkademían fagnar þeim löngu tímabæra stuðningi við nýsköpunarfyrirtæki sem fram kemur í frumvörpunum.

Ekki eru gerðar athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins en rétt þykir að eftirfariandi komi fram:

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram vilji ríkisstjórnarinnar til að bæta umhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja og er það fagnaðarefni. Sá stuðningur sem fram kemur í því frumvarpi sem hér er til umræðu er hins vegar ætlaður fyrirtækjum sem trúlega starfa flest á grunni nátturuvísinda og tækni og allar fjárupphæðir í þessu frumvarpi eru hug- og félagsvísindamönnum ReykjavíkurAkademíunni nokkuð framandi.

Mörg undanfarin ár hefur ReykjavíkurAkademían verið leiðandi við að þróa nýsköpun á grunni þeirrar þekkingar sem til verður í hug- og félagsvísindum. Það hefur gengið erfiðlega, enda hefur skilningur hins opinbera styrkjakerfis verið takmarkaður. Það er líka oftast svo, að virðisaukinn af þessari þekkingu dreifist víða, og er sjaldan þess eðlis að á honum megi byggja fyrirtæki með tugmilljónaveltu. Virðisaukinn dreifist um samfélagið með ýmsum hætti, og til að mynda getur þekking á sviði menningarfræða komið heilum byggðarlögum verulega til góða, án þess að hún sé nýtt í uppbyggingu fyrirtækja.

Fræðimenn ReykjavíkurAkademiunnar eru flestir einyrkjar með litla veltu en margir þeirra koma að margvíslegu uppbyggingarstarfi víða um land sem einmitt skilar sér í samfélagslegum gæðum sem með tímanum laða að ferðamenn, auka lífsgæði í byggðarlögum og hækka menntunarstig. Áhrifin af því starfi munu örugglega auka verðmætasköpun og almenna hagsæld.

Því ítrekar ReykjavíkurAkademían fögnuð sinn yfir fram komnum frumvörpum, hvetur stjórnvöld um leið til að efla stuðning við þá sprotastarfsemi sem hér er lýst og lýsir sig um reiðubúna til viðræðna um útfærslu á slíkum stuðningi.

Vinsamlega



Viðar Hreinsson

Framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademiunnar